

Fundargerð fulltrúaráðs

78. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn miðvikudaginn
26. ágúst, 2009 kl. 12.00 í Slökkvistöð Selfossi

**Mættir: Margrét K. Erlingsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Snæbjörn
Sigurðsson, Ingvar G. Ingvarsson, Ólafur Leifsson og Eypór Arnalds.**

Einnig mætti á fundinn:

Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð

Efni fundarins var eftirfarandi:

Í upphafi fundar þakkaði Kristján fulltrúaráðsmönnum fyrir góðar kveðjur og gjafir vegna afmælis hans 15.7. s.l.

1. Starfsmannamál

- **Ráðning bókara**

Formaður og slökkviliðsstjóri greindu frá ráðningu skrifstofumanns (bókara) til B.A. Í samvinnu með VMS var ráðin Unna Björg Ögmundsdóttir, búsett á Selfossi. Unna hefur störf þann 15.9. n.k.
Fulltrúaráð bíður Unnu velkomna til starfa fyrir slökkviliðið.

- **Skipun varðstjóra**

Slökkviliðsstjóri greindi frá vinnu vegna væntanlegrar skipunar tveggja varðstjóra sem staðsettir verða á Selfossi. Fjórir varðstjórar skipta með sér varðstjórastarfi út frá slökkvistöðinni á Selfossi. Gengið verður frá skipuninni um komandi mánaðarmót. Rætt var um starf afleysingavarðstjóra sem unnið var á líðandi sumri. Tveir slökkviliðsmenn, þeir Kristinn L. Karlsson og Jóhann Kr. Jóhannsson buðu í upphafi sumars að standa varðstjóravaktir þar til endanleg skipun nýrra varðstjóra færi fram. Báðir hafa vaktavinnu að aðalstarfi en þeir áttu möguleika á að standa vaktir sumarsins.

Slökkviliðsstjóri greindi frá því að þeir félagar hefðu staðið vaktina með mikilli þryði og þeir félagar hefðu bætt töluverðu við þann reynslubrunn sem þegar var fyrir hjá þeim eftir áralangt starf innan slökkviliðsins.

Fulltrúaráð þakkar þessum félögum kærlega fyrir aðstoðina við rekstur liðsins með þessu inngripi þeirra í sumar.

- **Nýliðun**
Slökkviliðsstjóri greindi frá starfsmannahaldi í liðinu. Hann taldi að rétt væri að fjölga um tvo til þrjá menn í liðinu á Selfossi og væru menn að horfa helst til þess að viðkomandi menn hefðu meirapróf bílstjóra. Erfitt væri stundum að fá menn sem hefðu meirapróf og væri sá vandi landlægur. Félag slökkviliðsstjóra ásamt Sambandi ísl.sveitarfélaga hefði verið aðkanna leiðir til að koma til móts við slökkviliðsmenn sem vildu taka prófið.
- **Trúnaðarmál.** Fært í trúnaðarbók.

2. Fyrirspurnir og önnur skyld erindi

- **Afrit af aðsendum erindum**
- Svarbréf frá sveitarstjórnnum vegna erindis BÁ um samstarfsmál.
 1. Erindi frá Hrunamannahreppi, dagsett 12. ágúst 2009
 2. Erindi frá Hveragerði, dagsett 20.júní 2009
- **Kynning á stöðu v. Sinu- og skógaeldafunda**
Slökkviliðsstjóri greindi frá því að Þórður Bogason, slökkviliðsmaður og einn af höfundum bókar um Sinu-og skógarelda, sem nýlega er komin út, og Björn Jónsson, framkvæmdastjóri Suðurlandsskóga hefðu gefið kost á sér í vinnu við að koma á kynningafundum um sinu og skógarelda og vörnum við þeim. Þeir félagar og slökkviliðsstjóri munu hittast á næstu vikum og hefja vinnuna. Nokkuð hefði verið unnið í síma og í tölvusambandi en nú væri stefnt að því að ganga þannig frá að mögulegt sé að hefja kynningarvinnu snemma í vor.
- **Staðan á; Samkomulag við LSS frá s.l. vori**
Slökkviliðsstjóri greindi frá því að hann hefði átt fund með fulltrúa LSS, Valdimar Leó, þann 24. 8. s.l. Þar hefði verið farið yfir samkomulagið. Ekkert hafi komið fram sem ekki hefði verið tekið á í liðum samkomulagsins. Sum mál væru í farvegi, önnur hafa fengið lokameðferð.
- **Brunavarnaáætlun**
Slökkviliðsstjóri greindi frá því að fulltrúar BR hafi farið yfir áætlunina. Hann setur þessar athugasemdir inn og mun senda fulltrúum til yfirlstrar.

- **Staðan á vinnu við ársreikning 2008 og önnur fjármál**
Formaður og slökkviliðsstjóri greindu frá vinnu við reikning og annað bókhald. Nokkur dráttur hefur orðið á þessari vinnu þar sem starfsmannahald í Ráðhúsi Árborgar er nokkuð erfitt um þessar mundir vegna veikinda starfsmanna.
Væntingar eru uppi um að þessi vinna komist á réttan kjöl með ráðningu bókara til B.A.

3. Valhallarbruninn

Umræður urðu um brunann, hugsanlega orsök og afleiðingar.

Einnig var rætt um slökkvistarf o.fl.

Fulltrúaráð þakkar öllum sem komu að vinnu vegna brunans. Sérstakar þakkir til slökkviliðsmanna B.A. sem unnu erfitt starf og höfðu á hendi mikla ábyrgð.

Einnig þakkar fulltrúaráð öllum öðrum slökkviliðsmönnum frá öðrum liðum sem kallaðir voru til starfa, Slökkvilið Hveragerðis, Slökkvilið Þorlákshafnar og Slökkvilið Hrunamannahrepps.

Þáttur slökkviliðs höfuðborgarsvæðis (SHS) var mikill í þessum bruna, fjölmennur mannaflí og tæki og tól voru send frá Reykjavík. Fyrir þetta starf vill fulltrúaráð færa sérstakar þakkir.

Slökkviliðsstjóra falið að senda öllum þessum aðilum erindi þar sem fram koma þakkir heimamanna til þeirra vegna starfa vegna brunans í Valhöll.

- **Erindi frá Umhverfiseftirliti Suðurlands v. Valhallarbruna**
Fyrir fundinum lág erindi frá Umhverfiseftirliti Suðurlands v. Valhallarbrunans, dagsett 14.8.2009.
Þar kemur m.a. fram yfirlit vegna vinnu starfsmanna stofnunarinnar við rannsókn á hugsanlegri mengun vegna slökkvistarfs.

4. Önnur mál

- **Trúnaðarmál.** *Fært í trúnaðarbók.*

- **Samþykktir B.A.**

Umhverfiseftirliti Suðurlands v. Valhallarbruna

Umræður urðu um núverandi samþykktir B.A. Til hefur staðið að breyta þeim lítils háttar.

Misræmi er í samþykktum gagnvart núgildandi reglugerð Alþingis um brunamál.

Samþykkt að breyta texta samþykktanna þannig að hann falli að reglugerðarákvæðum. samþykktir verða lagðar fram fyrir næsta fund og síðan sendar aðildarsveitarfélögum til endanlegrar samþykktar.

- **BÁ sem atvinnulið ?**

Umræður urðu um stöðu BÁ til að koma til móts við þær ályktanir sem fram hafa komið á undanförunum árum frá fulltrúum LSS sem og almennum slökkviliðsmönnum að kanna leiðir til að gera BÁ að atvinnu- og hlutastarfandi liði.

Eftir umræður var eftirfarandi samþykkt:

Formanni og slökkviliðsstjóra falið að senda erindi til aðildarsveitarstjórna BÁ þess efnis að heimild sé gefin til að formaður BÁ geti gengið á fund formanns slökkviliðs höfuðborgarsvæðis og kannað möguleika á auknu samstafi sem e.t.v. gæti leitt til hagkvæmari rekstur ýmissa þátta í daglegum rekstri slökkviliðs á suðvesturhorni landsins.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15.20

**Margrét K. Erlingsdóttir, Snæbjörn Sigurðsson, Ingvar G. Ingvarsson
Margrét Sigurðardóttir, Ólafur F. Leifsson, Eyþór Arnalds,
Kristján Einarsson.**